

Síldarvinnslan hf. á Neskaupstað
Hafþór Eiríksson
Hafnarbraut 6
740Neskaupstaður

Reykjavík, 1. september 2021
UST202102-441/gf
08.10.02

Varðar botnþykktarmælingar á lýsisgeymi nr. T-1 í SVN á Neskaupstað

Umhverfisstofnun barst þann 31. ágúst sl. botnþykktarmælingar á geymi nr. T-1 hjá Síldarvinnslunni á Neskaupstað, Norðfirði. Geymirinn stendur ásamt þremur öðrum geymum í lekavarnarþró.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli A. Guðmundsson og Andre Sandö hjá NDT ehf. á Akureyri. Notaður var Olympus 45 MG, 5 Mhz hátíðnimælir (ultrasonic), serial nr. 130177407 og var hann kvarðaður með þar til gerðum stilli klössum.

Fram kemur í skýrslu NDT. að gólf og hliðar geymisins séu ómálaðar en geymirinn í góðu ásigkomulagi. Neðsta umfarið virðist nýlegt. Að utanverðu lítur geymirinn vel út, Gamlir tæringapyttir eru á efri plötum en málað hefur verið yfir þá og tæring stöðvuð. Dældir sjást ofarlega á geyminum.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um botnþykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt,

Gottskálk Friðgeirsson

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri